um vissan tíma, verður, ef þörf gjörist, eins og beiðandi æskir, að láta málið ganga til dóms og laga. 1855. 13. septbr.

---

43. Brjef innanríkisstjórnarinnar til byskups um jarðamatsnefndina[1]. 27. septbr.

Konungsfulltrúi á hinu síðasta alþingi Melsteð amtmaður hefur, um leið og hann skýrði frá að alþingi hefði fallizt á frumvarp stjórnarinnar, er fyrir það var lagt, um meðferð jarðamatsmálsins, og að síðan samkvæmt frumvarpinu hefði verið kosin nefnd og væru í henni kanselíráð, land- og bæjarfógeti V. Finsen, er væri forseti, og þeir er alþingi hefði kosið: Jón Pjetursson, landsyfirrjettardómari og Jón Guðmundsson lögfræðingur í dönskum lögum, eptir ósk nefndarinnar, beðið stjórnina um að það verði boðið yfirvöldunum á Íslandi að útvega nefndinni þær skýrslur um jarðamatið, er hún vildi fá og áliti nauðsynlegar til að koma málinu í lag.

Sökum þessa vildi jeg þjónustusamlega biðja yður háæruverðugi herra að bjóða próföstunum á Íslandi að útvega skýrslur þær um jarðamatið, er nefnd sú, er áður er getið, kynni að æskja og senda yður þær, svo að þjer síðan getið fengið nefndinni þær í hendur.

---

44. Brjef innanríkisstjórnarinnar til amtmannsins í norður og austurumdæminu um málið á skjölum sem send eru til stjórnarinnar[2]. 18. októbr.

Eins og sjest af meðfylgjandi brjefi frá sýslumanni Arnesen kammerráði 6. júlí þ. á., hefur nefndur embættismaður spurt

1) áþekk brjef eru sama dag skrifuð stiptamtmanni og amtmönnum, um að bjóða sýslumönnum að útvega og senda nefndinni skýrslur um jarðamat.

2) sbr. brjef innanríkisstjórnarinnar 14. júlí 1854.